SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
26. JAN. 2024
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM




Verkefni: Kleifar 7
Skjalaheiti: 200 000 SAT 001 V01 Kleifar 7 Skeljungur brunavarnir 01
Dags.: 16.1.2023

## SAMANTEKT BRUNAVARNA

**Brunavarnir**

**Notkunarskilmálar vegna brunavarna**

Húshlutinn tilheyrir notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Brunaálag reiknast undir 800 MJ/m² skv. forsendum frá Skeljungi. Starfsmannafjöldi er < 5, ekki er miðað við algilda hönnun.

**Brunaviðvörun**

Sjálfvirk brunaviðvörun er í húshlutanum tengt viðurkenndri vaktstöð. Staðsetning og gerð skynjara skv. leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Brunastöð í anddyri.

**Handslökkvibúnaður**

Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3. Í starfsmannahluta skal vera léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 27A og 183B. Í sal skal vera slöngukefli skv. ÍST EN 617 og ABC duftslökkvitæki lágmark 6 kg.

**Neyðarlýsing og leiðarmerkingar**

Leiðarmerkingar og neyðarlýsing skulu skv. leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Neyðarlýsing á í sal og starfsmannaðstöðu skal vera 0,5 lúx. Neyðarlýsing við handslökkvibúnað skal ná 5 lúx.

**Reyklosun**

Reyklosun hússins er með auðbrennanlegu plasti í þaki, u.þ.b. 5 % af gólffleti. Innloft er um göngu- og iðnaðarhurðir sem þarf að opna handvirkt.

**Rýming við eldsvoða**

Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum, flóttaleið er annarsvegar um aðalinngang og hinsvegar um björgunarop út úr sal, stærð þess skal vera lágmark 0,6x0,9 m. Mesta vegalengd flóttaleiðar frá 1. hæð út er um 25 metrar. Opnunarbúnaður hurða skal vera lágmark húnn og snerill.

**Klæðningar**

Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss skulu vera $K_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Milliveggir milli húshluta eru úr steinullareiningum í flokki B-s1,d0. Útveggir og þak eru úr stálsamlokueiningum með PIR einangrun og eru í flokki B-s2,d0.

**Brunahólfun**

Brunahólfun á lóðarmörkum er með EI120 vegg frágengnum skv. eldri hönnunargögnum hússins eftir Eflu verkfræðistofu. Ný brunahólfun milli rýma verður EI60 eins og merkt er á teikningu.

ÖRUGG



Verkefni: Kleifar 7
Skjalaheiti: 200 000 SAT 001 V01 Kleifar 7 Skeljungur brunavarnir 01
Dags.: 16.1.2023

## SAMANTEKT BRUNAVARNA

**Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs**

Aðkomuleiðir breytast ekki og slökkvivatnsþörf hússins eykst ekki við þessar breytingar.

**Burðarvirki við bruna**

Burðarvirki er óvarin stálgrind utan burðarvirkja í brunahólfandi skilum sem skulu uppfylla sömu kröfu og viðkomandi brunaskil (EI120 = R120, EI60 = R60).

**Viðhald brunavarna**

Skylt er að gera þjónustusamning um viðhald og eftirlit með brunaviðvörunarkerfi og handslökkvibúnaði. Jafnframt skal tryggja eftirlit og viðhald með neyðarlýsingu og leiðarmerkingum.

ÖRUGG



| | | | |
|---|---|---|---|
| Verkheiti: | **Kleifar 7** | | |
| Heimilisfang: | Vestmannaeyjar | | |
| Verktegund: | Iðnaðarhús | | |
| Landnúmer: | L223491 | Staðgreinir: | STF1141742 |
| | **Afstöðumynd skráningartafla** | | |
| Hannað af: | Vigfús Halldórsson | Matshluti: | 01 |
| Teiknað af: | Vigfús Halldórsson | Mælikvarði: | 1:500 |
| Yfirfarið af: | Vigfús Halldórsson | Dagsetning: | 28-11 2023 |
| Samþykkt: | Vigfús Halldórsson kt. 100760-5849 | | |

BALSI EHF
Kt. 431199-2469
Teiknistofa / Tæknibjónusta


Vigfús Halldórsson
100760-5849
Byggingafræðingur BFI
Heiðarbrún 16, 810 Hveragerði
8988923 / vigfus@balsi.is


| | | |
|---|---|---|
| **23-108** | **A102** | |
| Verknúmer: | Númer: | Útgáfa |

Hönnuður áskilur sér allan rétt á teikningum - fjölföldun er háð skriflegu samþykki